

Nd.

89. Nefndarálit

um frv. til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 31, 20. okt. 1905, um sölu þjóðjarða, og laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Þó að ekki sje í frv. farið fram á frestun nema til ársloka 1919, þá virðist vaka fyrir landsstjórninni, að nú sje kominn tími til að bera það undir þingið og þjóðina, hvort sölunni skuli haldið áfram, eða ábúðin gerð aðgengilegri og sölunni hætt með öllu. Þjóðarviljinn í málinu er vafalaust sá, að jarðirnar sjeu seldar samkvæmt gildandi lögum. Það getur því ekki komið til mála að fresta sölunni móti vilja þjóðarinnar, nema það sje þjóðarnauðsyn, sem ætla megi, að alþýða manna sjái við athugun málsins.

En þó að mikið sje nú skrifað og talað um gallana á þjóðjarðasölu, verður því ekki mótmælt með rökum, að eignarrjetturinn yfir jörðinni knýr fram alt það besta, sem í mannum býr. Sjálfseignarbóndinn vaknar til nýrrar meðvitundar um það, að á honum hvíli sjálfsgöð skylda til að hefjast handa af al-efli og verða ekki eftirbátur annara. Sjálfstæðisþráin brynjar hann í baráttu lífsins. Afar-óheppilegt er að telja það með ástæðum móti þjóðjarðasölu, að slóðinn, sem kaupir, fái ótakmarkaða heimild til að niða jörð sína. Það gerir varla nokkur maður með óbrjálaðri skynsemi, nema óviðráðanleg atvik valdi, svo sem veikindi og vinnufólkskle. Þeir einir vilja kaupa, sem ætla eitthvað að gera og hafa krafta í köglum.

Erfiðleikarnir, sem bændur hafa átt við að stríða að undanfögnu, vegna vinnufólkskle og harðæris, eru svo miklir, að fúðu gegnir, hver þróttur er í þeim og hvað þeir þola á sig að leggja. Ekkert gerir löggjafarvaldið til að bæta kjör leiguliðanna, og eftirlitið með landssjóðsjörðum hefir verið og er mjög bágborið. Meðan svo er, dugar ekki að sjá ofsönnum eftir því landi, sem látið er af hendi til einstakra manna, ef vera mætti, að þeim tækist það, sem þingi og stjórn hefir ekki tekist með sínar jarðir, að rækta og bæta jarðirnar í landinu. Reynslan sýnir áreiðanlega, að yfirleitt eru þær jarðirnar langbest setnar, sem einstakir menn eiga og búa á. Mjög er vafasamt, að smábýlabúskapur þrífist til sveita. Það er ósannað. Vandfundin mun og leið til að efla ræktun landsins, svo til þjóðþrifa verði, ef sjálfseignarbændur geta það ekki með tilstyrk peningastofnana landsins, löggjafarvalds og búnaðarfjelaga.

Tímarnir geta að visu breyst svo, að eitthvað af fólki vilji yfirgefa kaupstaði og kaupún, taka sjer bólfestu í sveit og lifa þar sjálfstæðu lífi. Má vera, að umboðsstjórnin gæti orðið betri landsdrottinnu en einstakir menn, og hægara væri að fá býli með skifting jarða, ef landið ætti jarðir. En við og við gengur eitthvað af bygðum jörðum kaupum og sölu. Hafa sveitarfjölög þá forkaupsrjettinn, að ábúanda frágengnum. Gætu jarðir sveitarfjelaga þá komið í stað landssjóðsjarða til afnota fyrir þá, sem setjast vildu að í sveit, ef fjölgun býla reyndist holl. Má telja fult eins álitlegt, að hreppar eigi jarðir eins og landssjóður. Ef sveitarstjórnir væru vel á verði, þegar jarðir ganga kaupum og sölum, fjölgaði jarðeignum hreppanna. Væri þá að nokkru bætt úr göllum þjóðjarðasölu. Þannig mætti oft afstýra því, að jarðir yrðu eign útlendinga eða braskara. Getur samt verið, að nýrra laga þyrfti, sem girtu fyrir slíkt.

Meiri hluti nefndarinnar er á móti frumvarpinu og leggur til, að það sje felt.

Alþingi, 16. júlí 1917.

Stefán Stefánsson,
formaður.
Einar Árnason.

Jón Jónsson,
framsm.
Pjetur Þórðarson.

Jeg er ósamþykkur forsendum og niðurstöðu meiri hluta nefndarinnar, að því leyti, að jeg álit rjettast og þjóðinni hollast að hætta nú þegar að selja þjóðjarðir og kirkjujarðir, en að komið sje á betra skipulagi en nú er um bygg-

ing og ábúð á opinberum jarðeignum. Um ástæður fyrir þessari skoðun minni vísa jeg meðal annars til »Álits minni hluta landbúnaðarnefndarinnar á Alþingi 1915«. (Alþ.tíð. 1915, A. bls. 329—334, þingskj. 142).

Sigurður Sigurðsson.